

L Ö G

18

28. febr.

um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði þau um tekjuöflun í dýrtíðarsjóð, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. apríl 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

19

2. marz

um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðasjóðsgjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.